



Þjónustuhundur ársins: Þór „Kóngurinn á Kleppi“

Aníta Stefánsdóttir er iðjubjálfari á Kleppspítala og var eigandi Þórs sem var af tegundinni Labrador Retriever en hann fylgdi henni til vinnu daglega og fékk sína stundatöflu líkt og aðrir starfsmenn. Í iðjubjálfun á Kleppi kemur fólk sem er í geðendurhæfingu og er mislangt á veg komið í bataferli. Þór sigraði hug og hjörtu bæði starfsfólks og sjúklinga, ýtti undir bata og stuðlaði að hreyfingu. Hann náði að tengjast allra veikasta fólkinu og margir héldu áfram að heimsækja hann eftir útskrift. Meðfram 100% sjálfboðastarfi sínu á Kleppi var hann einnig heimsóknarvinur Rauða Krossins. Hann heimsótti einnig reglulega fjölfatlaðan ungan mann og hjúkrunardeildir Landspítalans á Vífilstöðum. Þór dó í apríl 2016 eftir stutt veikindi en mætti í vinnu og gaf af sér fram á síðasta dag og er sárt saknað.

Sonur Þórs, hann Junior, heldur starfi föður síns áfram á Kleppi og mætir til vinnu daglega. Á nóvembersýningu HRFÍ 2016 var Þór „Kónginn á Kleppi“ heiðraður og komu Junior, sonur hans, og Aníta iðjubjálfari og tóku við verðlaunum fyrir hans hönd.

